



GARÐABÆR

Úttekt á stjórnskipulagi Garðabæjar

Greinargerð ráðgjafa ásamt tillögum

Nóvember 2023

ARCUR

Inngangur

Þann 29. ágúst 2023 samþykkti bæjarráð Garðabæjar að fela ARCUR ráðgjöf að rýna stjórnskipulag bæjarskrifstofu.

Meginmarkmið verkefnisins var að rýna virkni stjórnskipulags með áherslu á stoðþjónustu og meta þörf fyrir breytingar.

Í því fólst að vinna mat á styrkleikum og veikleikum í stoðþjónustu til fagsviða og kanna hvort og þá hvernig ná megi fram aukinni skilvirkni í skipulagi, utanumhaldi og framkvæmd verkefna með breytingum á skipulagi, stjórnun, verkferlum og samstarfi á milli sviða.



Markmið skipulagsbreytinga

Það er mat ARCUR að nauðsynlegt sé að setja fram skýra verkaskiptingu sem tekur til kjarnaverkefna stoðþjónustu sem veitt er innan bæjarskrifstofu til fagsviða og stofnana. Með því að afmarka betur verkefni sem tengjast þjónustuveitingu og umbótum er komið til móts við sjónarmið um að:

- Ör fjölgun íbúa kunni að leiða til þess að þjónusta bæjarskrifstofu nái ekki að fylgja þjónustubörf án þrýstings um fjölgun stöðugilda,
- verulega hægi á þjónustu bæjarins til íbúa í umhverfi sem sífellt verður flóknara viðfangs,
- að tryggja samræmd gæði í þjónustunni með því að taka upp stafrænar lausnir þar sem hægt er að koma þeim við.



Fimm undirliggjandi markmið breytinga

Með nýju stjórnskipulagi bæjarskrifstofu er stefnt að því að ná eftirfarandi markmiðum:

1. Að ná fram skýrari afmörkun kjarnaverkefna stoðþjónustu a) stjórnsýsla og fjármál og b) þjónustu, þróun og tækni til að efla stjórnun og nálgun í þessum viðfangsefnum.
2. Að ná fram skýrari aðgreiningu á allri þjónustu sem hægt er að leysa í fyrstu snertingu í þjónustuveri eða með stafrænum leiðum.
3. Að koma í veg fyrir að auknu álagi sé mætt með fjölgun stöðugilda og í stað þess huga að endurskoðun ferla og hagnýtingu tækni.
4. Auka yfirsýn yfir þjónustu og þjónustumarkmið með því að fela einu sviði það verkefni að endurskoða þjónustuferla og endurhanna þá.

5. Auka vægi verkefnisstjórnunar og teymisvinnu þvert á svið eftir þörfum hverju sinni.


Að mati ARCUR myndi það skipulag sem lagt er til styðja við að umfang verkefna á milli sviða sé í góðu jafnvægi og tímabundin verkefnateymi þvert á svið stuðli jafnframt að jöfnu vinnuálagi og faglega spennandi tækifærum fyrir starfsfólk til þátttöku í mikilvægum verkefnum.

Gagnvart **innleiðingu nýs skipulags** er mikilvægt að horfa til þess að fylgjast með því hvort ofangreind markmið raungerist.

- Til að ná því fram er lagt til að teknar verði upp auknar **árangursmælingar** í innra starfi, afköstum og þjónustuveitingu til íbúa.
- Með þeim hætti verði einnig auðveldara að bera almennt kennsl á umbætur í innra starfi, ferlum og verkefnum bæjarskrifstofu.

Tillögur

1. **Lagt er til að eftirfarandi skipurit fyrir bæjarskrifstofur Garðabæjar taki að fullu gildi þann 1. janúar 2024** en innleiðing breytinga hefst strax í kjölfar samþykktar.



2. **Lagt er til að stofnað verði nýtt svið þjónustu og þróunar sem fái til sín tiltekin verkefni sem sinnt hefur verið að hálfu fjármála- og stjórnsýslusviðs.** Markmið breytinganna eru að ná fram frekari afmörkun verkefna til að efla megi enn frekar hagnýtingu tækni í þjónustuveitingu, innri ferlum og framlínubjónustu. Verkefni nýs sviðs eru rekstur tölvukerfa, þjónustuver, stafrænar breytingar, samskiptamál, gæðamál og stjórnun umbóta. Þá haldi nýtt svið utan um þjónustustefnu sveitarfélagsins og endurmótun þjónustumarkmiða.
3. **Lagt er til að fjármála- og stjórnsýslusvið verði starfrækt áfram og sinni þeim verkefnum sem ekki verða flutt á þjónustu og þróunarsvið.** Verkefni fjármála- og stjórnsýslusviðs verða erindrekstur stjórnsýslu, fjármálastjórnun, lögfræðiráðgjöf, bókhald, mannauðs- og kjaramál, umsjón með ritun fundargerða, skjalamál og persónuvernd. Aukin áhersla verði á það í starfsemi sviðsins að gögn og upplýsingar verði hagnýtt betur til stuðnings ákvarðanatöku í rekstri ásamt því að taka upp áhættugreiningu fyrir stærri ákvarðanir og fjárfestingar.
4. **Lagt er til að auglýst verði í starf sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslu þar sem núverandi stjórnandi er að ljúka farsælum starfsferli.** Undirliggjandi hæfnispættir fyrir starfið verði háskólamenntun sem nýtist í starfi ásamt haldbærri reynslu af stjórnun í opinberum rekstri, stjórnsýslu, samningagerð og fjármálum. Sviðsstjóri gæti hagsmuna sveitarfélagsins á breiðum grunni og ber jafnframt ábyrgð á að stefnumörkun og ákvörðunum bæjarráðs og bæjarstjórnar sé fylgt eftir með upplýsingamiðlun til fagsviðs bæjarins. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs er staðgengill bæjarstjóra.

Tillögur

5. **Lagt er til að auglýst verði í nýtt starf sviðsstjóra þjónustu- og þróunar.** Í starfslýsingu og kröfum til starfsins verði lögð áhersla á háskólamenntun sem nýtist í starfi ásamt reynslu af þjónustustýringu, upplýsingatækni og stafrænni þróun. Þá væri stjórnunarreynsla kostur ásamt þekkingu af mótun þjónustumarkmiða, reynslu af stjórnun umbótaverkefna þvert á ólíkar skipulagseiningar ásamt þróun og innleiðingu ferla.
6. **Lagt er til að lögfræðileg ráðgjöf verði eflað með þeim hætti að til verði nýtt stöðugildi bæjarlögmanns** sem sinni lögfræðilegri ráðgjöf til fagsviða ásamt því að sinna ráðgjöf er varðar stjórnsýslu og hagsmuni sveitarfélagsins í samráði sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslu.
7. **Lagt er til að horft verði til aukins teymisstarfs innan bæjarskrifstofu til að koma áhersluverkefnum í framkvæmd.** Teymi geta verið breytileg og skilgreind eftir viðfangsefnum hverju sinni.
 - a) **Verkefnateymi.** Verkefnateymi - tímabundin teymi fyrir afmörkuð verkefni, áherslumál, breytingar og umbætur.
 - b) **Fagteymi.** Föst teymi - þar sem þverfagleg þekking hentar t.d. fjárhagsáætlun, gæðamál, áhættustýring, samningamál og stefnumörkun í stafrænum umbótum.
8. **Lagt er til að skilvirkni í starfseminni verði aukin með því að bæta verkferla og auka vægi stefnumiðaðra vinnubragða.** Vegna verkefnaálags og ríkra krafna til starfseminnar hafa komið tímabil þar sem starfsfólk upplifir álag. Nýtt þjónustu- og þróunarsvið gegni samræmingarhlutverki í þessum málefnum.
9. **Lagt er til að heiti fjölskyldusviðs verði breytt í velferðarsvið** en ekki eru lagðar til aðrar breytingar er varða sviðið.

Verkefnayfirlit stoðsviða

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu verkefni og viðfangsefni stoðsviða í stjórnskipulagi bæjarskrifstofu Garðabæjar.

Fjármál og stjórnsýsla

- Stjórnsýsla
- Fjármál
- Mannauðs- og kjaramál

Þjónusta og þróun

- Samskipti
- Upplýsingatækni
- Þjónustuver
- Stafræn þjónusta

Verkefnayfirlit fagsviða

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu verkefni og viðfangsefni fagsviða í stjórnskipulagi bæjarskrifstofu Garðabæjar.

Velferð

- Barnaverndarþjónusta
- Málefni eldri borgara
- Málefni fatlaðs fólks
- Félagsleg ráðgjöf
- Fjárhagsaðstoð og húsnaðismál
- Farsæld barna



Fræðsla og menning

- Grunn- og tónlistarskólar
- Leikskólar
- Frístund og íþróttir
- Menningar- og safnastarf
- Skólaþjónusta
- Farsæld barna

Umhverfi

- Skipulagsmál
- Byggingar-
eftirlit
- Umhverfi og framkvæmdir
- Eignasjóður
- Rekstur veitna

Greinargerð ráðgjafa

Gagnaöflun og núverandi skipan verkefna

Ráðgjafar ARCUR tóku viðtöl við sviðsstjóra og stjórnendur innan fjármála- og stjórnsýslusviðs. Samtals voru tekin 11 viðtöl. Þá stýrðu ráðgjafar vinnustofu með starfsfólki bæjarskrifstofu þar sem leitast var eftir að fá samtal á breiðum grunni um styrkleika, veikleika og tækifæri fram á veginn. Þá fengu ráðgjafar aðgang að ýmsum fyrirliggjandi gögnum, starfslýsingum og eldri úttektum er varðar stjórnskipulag og rekstur bæjarins.

Í þessari greinargerð er fjallað um sjónarmið sem varða skipulag og verkaskiptingu. Fá sjónarmið komu fram er varðar breytingar á fagsviðum bæjarins og þar af leiðandi miðast greinargerð og tillögur ráðgjafa fyrst og fremst að starfsemi stoðþjónustu.

Mikilvægt er að skipurit sveitarfélagsins sé aðlagð að umfangi verkefna hverju sinni. Í því ljósi þarf að taka tillit til þess að sveitarfélagið hefur stækkað síðustu ár sem skapar þrýsting á þjónustu sveitarfélagsins og skipulag þess.

Núverandi stjórnskipulag

Núverandi stjórnskipulag bæjarskrifstofu samanstendur af fjórum sviðum og er fléttuskipulag þar sem stoðþjónusta er skilgreind þvert á fagsvið.

Fagsvið:

- Fjölskyldusvið (12,7 stg.)
- Fræðslu- og menningarsvið (12,5 stg)
- Umhverfissvið (7,4 stg)

Stoðþjónusta:

- Fjármála- og stjórnsýslusvið (29,8 stg.)

Samtals eru 62,3 stöðugildi á bæjarskrifstofu. Fagsvið eru leidd af sviðsstjórum og stoðþjónusta af bæjarritara sem jafnframt er staðgengill bærarstjóra.

Núverandi staða

Kallað var eftir sjónarmiðum um hvað gengi vel í starfsemi bæjarskrifstofu og var það gert til að draga fram styrkleika sem þyrfti að verja og hagnýta enn betur. Oftast er bent á mikilvægi þess mannauðs sem er innan bæjarskrifstofu.

Styrkleikar birtast einnig í því að starfsfólk á auðvelt með að tengja saman ólíka þekkingu og hefur það reynst vel gagnvart því að nýta megí breiða faglega þekkingu í fjölbreyttum viðfangsefnum. Mikið og einstakt flæði er í samvinnu á milli sviða bæjarskrifstofu sem byggir á hefð og persónulegum tengslum á milli starfsfólks. Slíkt er oft einkenni minni vinnustaða en sveitarfélagið fer þó stækkandi sem þrýstir í auknum mæli á fastmótaða ferla og skýra ábyrgðarskiptingu. Mikilvægt er þó að standa vörð um einstakan samstarfsvilja sem er á milli sviða.

Mikil þjónustuvitund er til staðar á meðal starfsfólks og vilji til að veita framúrskarandi þjónustu til íbúa. Þekkingarstig starfsfólks er gott og í mörgum tilvikum langur starfsaldur þó að

starfsmannavelta hafa aukist lítillega síðustu ár. Helstu styrkleikar að mati starfsfólks eru nándin og stuttar boðleiðir. Starfsfólk upplifir einnig að því sé treyst fyrir sínu starfi. Þá kemur fram að starfsandi sé almennt góður.

Mikil og sterk hefð í vinnubrögðum hefur að mörgu leyti leitt til þess að stafrænar breytingar og umbætur á ferlum hafa mætt afgangi og slíkt verður áskorun til framtíðar. Fjölmargar ábendingar varða vinnulag starfsfólks og ljóst er að umtalsverður tími sérfræðinga fer í að svara fyrirspurnum og sinna málefnum sem mætti sinna í þjónustuveri eða með aukinni stafrænni þjónustu.

Þá mætti efla innleiðingu, kennslu og kynningu á þeim tæknilausnum sem verið er að nýta í starfsemi bæjarskrifstofu hverju sinni. Þannig er eitthvað um að hugbúnaðarlausnir séu tiltækar fyrir starfsfólk en séu af einhverjum ástæðum lítið nýttar eða ekki nýttar rétt þar sem vitneskja um þær sé takmörkuð.

Sjónarmið starfsfólks

Störf sérfræðinga má nýta betur með því að aðskilja í auknum mæli á milli þjónustu til bæjarbúa sem hægt væri að leysa í fyrstu snertingu, annað hvort í þjónustuveri eða með stafrænum leiðum. Með því móti mætti einnig koma í veg fyrir að álagi sé svarað með því að fjölga stöðugildum. Þá gæti aukin notkun vinnureglna og viðmiða einfaldað nálgun í svörun og afgreiðslu erinda, ásamt því að auka öryggi og flýtt ákvarðanatöku.

Enn frekari stækkun bæjarins mun gera auknar kröfur til ákvarðanatöku sviðsstjóra og þeirra sem ábyrgð bera á tilteknum verkefnum. Það þarf því að tryggja skýrt umboð til ákvarðana þar sem þær eiga að liggja, hvort heldur það er hjá sviðsstjórum eða öðru starfsfólki. Mikilvægt er að verklagsreglur séu skýrar, en með þeim hætti má í auknu mæli færa fullnaðarákvörðun einstakra erinda frá stjórnendum og til þess starfsfólks sem best þekkir til.

Sjónarmið starfsfólks

Á vinnufundi með starfsfólki var farið í umræður og forgangsöröðun á tækifærum til breytinga. Mikill vilji reynist vera fyrir því á meðal starfsfólks að nýta betur tækifæri sem felast í aukinni hagnýtingu á tækni og stafrænum lausnum, bæði til að stytta sporin í dagsdaglegu starfi en ekki síður til að efla enn frekar þjónustu til bæjarbúa. Þá komu einnig fram á vinnufundinum sjónarmið um álag væri til staðar á mörgum sviðum og kallað var eftir skýrari sýn á verkaskiptingu og ábyrgð.

Mæta má upplifun starfsfólks um álag í starfi með skýrari ábyrgðarskiptingu og fastmótaðri verkferlum. Vísbendingar eru uppi um að mál fari í of miklum mæli á milli fólks í daglegu starfi en aukin notkun á vinnureglum og viðmiðum geta minnkað þörf fyrir slíkt.

Stafræn þróun í brennidepli

Helstu sjónarmið frá vinnustofu starfsfólks um þætti í starfsemi bæjarins sem mætti efla:

- a) Að sinna **stafrænni þróun** - kortleggja og þarfagreina.
- b) Að nýta **rafrænar lausnir** og hugbúnað.
- c) Að kortleggja **verkferla** og **skrásetja**.
- d) Að taka upp **aukna fræðslu** um kerfi, vinnulag og hugbúnað.
- e) Að endurskoða **þjónustustefnu** og **þjónustuferla**.
- f) Að auka notkun á **stefnum**, **viðmiðum** og **vinnureglum** í innra starfi.
- g) Að nýta í auknum mæli **aðferðafræði verkefnisstjórnunar**.
- h) Að fylgjast með **álagi** á markvissan hátt og **bregðast við því**.

Helstu sjónarmið snúa fyrst og fremst að því að efla málaflokk stafrænna breytinga.

Stafrænar breytingar hafa fengið sér fjármögnun í fjárhagsáætlun Garðabæjar. Tækifæri gætu legið í því að efla málaflokkinn enn frekar og taka þarf stefnumarkandi ákvörðun um að flýta innleiðingu á stafrænum lausnum með það að leiðarljósi að auka skilvirkni í innra starfi og þjónustu.

Nýta þarf fjármagn vel í verkefnum sem snúa að stafrænum umbreytingum og horfa fyrst og fremst til þess að væntur ávinningur skapi:

- a) Minni **útgjöld** fyrir veitta þjónustu,
- b) minnki **þörf** fyrir ný **stöðugildi**,
- c) auki **gæði** eða **hraða** í þjónustu til bæjarbúa.

Tækifæri eru í markvissari teymisvinnu

Styrkja þarf umgjörð og getu bæjarins til að þróa stafræna stjórnsýslu og mæta aukinni þjónustupörf stækkandi sveitarfélags með rafrænum lausnum. Þá mætti styrkja fagsvið þegar kemur að því að setja af stað umbætur í annað hvort ferlum eða vinnubrögðum og tækifæri eru til þess að efla þann þátt í starfsemi bæjarins.

Í þessu samhengi er mikilvægt að endurskoða þjónustustefnu sveitarfélagsins og fara í markvissa vinnu við að skilgreina þjónustustig ásamt þjónustumarkmiðum. Skortur er á mælikvörðum um þjónustunotkun, t.d. um erindi sem berast bænum, fjölda og eðli þeirra til að hægt sé að vinna í auknum mæli á fyrirbyggjandi hátt og þróa þjónustuna.

Tækifæri eru í markvissari teymisvinnu

Tækifæri eru í markvissari teymisvinnu innan bæjarskrifstofunnar og var bent á það í ljósi umbótaverkefna sem mætti annað hvort flýta eða klára með auknum slagkrafti.

Mikill áhugi er til staðar á að efla teymisvinnu í þessum tilgangi ásamt verkefnisstjórnun.

Styrkja má gæðamál og auka vægi þeirra í starfsemi bæjarskrifstofu. Ábyrgð á gæðamálum eru ekki staðsett með skýrum hætti í skipuriti en þó má sjá töluvert frumkvæði í þessum efnum í stjórnun mannauðsmála. Aukin teymisnálgun gagnvart gæðastarfi, með aðkomu allra sviða, gæti nýst vel undir forystu þjónustu- og þróunarsviðs.

Horfa mætti til þess að við hlið hins formlega skipulags verði útfært verkefnabundið skipulag:

- **Verkefnateymi** - Tímabundin teymi fyrir afmörkuð verkefni, áherslumál, breytingar og umbætur. Verkefnateymi tileinka sér sérstaklega aðferðir verkefnisstjórnunar.
- **Fagteymi** - Föst teymi þar sem þverfagleg þekking hentar, t.d. fjárhagsáætlun, gæðamál, áhættustýring, samningamál og stefnumörkun í stafrænum umbótum

Önnur sjónarmið

Útfæra þarf ferla, vinnulag og kerfi til að styðja við aukið teymisstarf innan bæjarskrifstofunnar. Verkefnabundin teymi vinni í skýrt afmörkuðum vinnulotum (t.d. til 6 mánaða í senn) þar sem árangur teyma er gerður upp með reglubundnum hætti. Teymi brjóti þannig upp stór verkefni og forgangsraði í skýrt afmarkaða áfanga.

Önnur sjónarmið sem fram komu í greiningu ráðgjafa

Eftirfarandi eru sjónarmið sem fram komu í greiningu ráðgjafa og vert er að huga að á næstu misserum.

1. Innkaupamál eru í dreifðu fyrirkomulagi innan bæjarskrifstofu og útvistun mikil. Gæta þarf þess að þekking á innkaupum í tilteknum málaflokkum liggi ekki eingöngu hjá þriðja aðila.
2. Styttu má tíma nýs starfsfólks við að setja sig inn í störf með því að styrkja nýliðamóttöku.
3. Skortur hefur verið á greiningum með það að markmiði að nýta betur gögn og upplýsingar. Unnið er að því nú þegar að efla þann þátt og mikilvægt er að halda því áfram.

4. Koma þarf á ferli sem styðji við þann vilja að greina betur áhrif, áhættu og kostnað ákvarðana sem teknar eru.
5. Stjórnunarlega ábyrgð millistjórnenda mætti samræma og skýra.
6. Tryggja þarf í sessi feril við val á upplýsingakerfum og tæknilausnum þegar kemur að vali, þarfagreiningum og innleiðingu.
7. Hætta er á að þekking og reynsla hverfi með einstaklingum er láta af störfum.

Til greina kæmi að menningarmál og safnastarf flytjist frá fræðslusviði til nýs sviðs þjónustu og þróunar. Í því samhengi yrði horft til þess að ná fram auknu jafnvægi í umfangi sviða. Innra skipulag stoðsviða þarf að útfæra en horfa mætti til þess að klára ráðningu á nýjum sviðsstjórum.

Verkaskipting innan fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fjármála- og stjórnsýslusvið ber fyrst og fremst ábyrgð á stjórnsýslu og fjármálum sveitarfélagsins og eftirfarandi eru helstu viðfangsefni sviðsins.

Lögfræði og persónuvernd

Lögfræðimálefnum hefur verið sinnt af bæjarritara og lögfræðingi sem jafnframt er persónuverndarfulltrúi. Þá hefur þjónusta á sviði lögfræði einnig verið keypt að eftir þörfum. Um er að ræða utanumhald um nefndir og ráð ásamt ráðgjöf til fagsviða en þessi málefni hafa tekið umtalsverðan tíma hjá bæjarritara sem hefur samhliða yfirumsjón með fjölmörgum verkefnum innan stjórnsýslu Garðabæjar. Lögfræðingur og persónuverndarfulltrúi hefur starfað við almenn lögfræðistörf samhliða persónuverndarfulltrúastarfi.

Mikil gæði hafa verið til staðar innan stjórnsýslu Garðabæjar. Núverandi bæjarritari er að ljúka starfsferli sínum og horfa þarf til þess hvernig fjölmörgum verkefnum bæjarritara verði komið fyrir með markvissum hætti.

Það er mat ráðgjafa að nýtt stöðugildi lögfræðings, sem staðsett verði á fjármála- og stjórnsýslusviði, komi til móts við þá lögfræðilegu ráðgjöf sem þörf er á innan bæjarskrifstofu Garðabæjar og svari þar með einnig þeirri þörf sem verður til með starfslokum bæjarritara. Þá muni nýr sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs taka við ábyrgð á stjórnsýslu sveitarfélagsins og þeim verkefnum sem bæjarritari hefur sinnt á því sviði.

Mannauðs- og kjaramál

Á sviði mannauðsmála starfar nú mannauðsstjóri. Þörf er á umtalsverðri ráðgjöf og stuðningi til stjórnenda á sviði mannauðsmála og þá sér í lagi til stjórnenda stofnana. Huga þarf að því að efla þennan þátt í nánustu framtíð samhliða vexti bæjarfélagsins. Fram kemur í greiningu að mikil ánægja sé almennt með þá ráðgjöf og stuðning sem stjórnendur fá á sviði mannauðsmála.

Verkaskipting innan fjármála- og stjórnsýslusviðs

Horfa þarf í auknum mæli til þess að framkvæma vinnustaðagreiningar til að kortleggja betur tækifæri til úrbóta í starfsumhverfi bæjarins.

Í kjaradeild eru fimm stöðugildi og heldur deildin utan um kjaramál, launavinnslu ásamt launaáætlun og stýrir öllum kerfum sem tengjast þeirri starfsemi. Í deildinni eru ásamt deildarstjóra þrír kjararáðgjafar og einn launafulltrúi. Þá sinnir deildin ýmsum greiningum og ráðgjöf til stjórnenda á sviði kjaramála. Mikið er sótt í deildina vegna ýmissa greininga. Innan deildarinnar hefur verið byggð upp teymisvinna og vinnulagi hefur nýlega verið breytt í samræmi við það og hefur það gengið farsællega.

Vel hefur gengið að staðla tiltekna reglubundna ferla og eru ráðningarsamningar rafrænir og starfrækt er gæðahandbók sem er aðgengileg stjórnendum með helstu ferlum og upplýsingum.

Þjónustuver

Innan þjónustuvers starfar deildarstjóri, sem jafnframt hefur borið ábyrgð á stafrænni þróun ásamt fjórum þjónustufulltrúum. Einn þjónustufulltrúanna hefur gengt starfi ritara bæjarstjóra.

Eitt stöðugildi er laust í stafrænni þróun og mikilvægt er að auglýsa það starf sem fyrst. Í kjölfar þess verði farið í nánari skoðun og útfærslu á verkaskiptingu er kemur að stafrænni þróun. Ánægja er með þjónustuverð. Ljóst er að þjónustuver má nýta enn betur eins og fram hefur komið.

Skjalamál

Skjalastjóri ber ábyrgð á skjalamálum og skjalakerfi Garðabæjar ásamt því að sinna ráðgjöf í skjalamálum.

Verkaskipting innan fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fjármál og bókhaldsdeild

Fjármálastjóri sinnir almennri fjármálastjórnun, fjárhagsáætlanagerð og eftirliti. Hann hefur sér við hlið deildarstjóra bókhaldsdeildar, innheimtufulltrúa og sérfræðing í greiningum. Deildarstjóri bókhaldsdeildar stýrir bókhaldsdeild en í henni eru fjögur stöðugildi með stöðugildi deildarstjóra.

Tölvudeild

Í tölvudeild eru fimm stöðugildi sem sinna almennri rekstrarþjónustu vegna tölvukerfa. Garðabær er með blandaðan tölvurekstur, þ.e. með útvistun á tiltekinni þjónustu. Tölvudeild heldur úti yfir 1000 vélum, fjölda nemendatölva og spjaldtölvum ásamt því að sjá um almennan tölvurekstur fyrir bæjarskrifstofur og stofnanir.

Samskiptamál

Tvö stöðugildi hafa verið til staðar gagnvart því að sinna samskipta- og upplýsingamálum. Samskiptastjóri heldur utan um almannatengsl, fjölmiðlasamskipti og vöktun atburða/atvika er varða bæjarfélagið. Þá sinnir samskiptastjóri samfélagsmiðlun, kynningar- og útgáfumálum ásamt því að sinna fréttu- og greinaskrifum. Samskiptastjóri sinnir ritstjórn ytri og innri vefs. Annað tveggja stöðugilda sem heyra undir samskiptamál er laust og huga þarf að því hvernig það nýtist best til framtíðar.


Vöxtur Garðabæjar

Hlutfallsleg fjölgun íbúa í Garðabæ mikil og umfram meðaltal

Íbúafjöldi í Garðabæ hefur aukist verulega síðustu ár og áratugi. Hér má sjá þróun íbúafjölda frá 1998 (Vísitala íbúafjölda) og greiningu á því hvernig aldurssamsetning íbúa hefur þróast.

Myndin sýnir hlutfallslega breytingu á íbúafjölda í Garðabæ í samanburði við hlutfallslega breytingu á íbúafjölda í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu að Garðabæ og Reykjavík undanskilinni. Þar má einnig sjá samanburð við Reykjavík og svo öll sveitarfélögin á landinu (Reykjavík og Garðabær meðtalín).

Myndin sýnir að hlutfallsleg aukning íbúa frá 1998, hefur verið ríflega 100%, þ.e. íbúafjöldinn hefur tvöfaldast. Á sama tíma jókst fjöldi íbúa í Reykjavík um 30% og um 85% í öðrum sveitarfélögum samtals á höfuðborgarsvæðinu. Árið 1998 voru íbúar Garðabæjar 9.216 talsins en töldu 18.891 í ársbyrjun 2023




Fjármála- og stjórnsýslusvið stækkar ekki með íbúafjölgun

Fyrir liggja upplýsingar um fjölda stöðugilda á skrifstofum bæjarins frá árinu 2015 til 2023. Á þessum tíma fjölgaði íbúum um 30% og myndin sýnir að fjöldi stöðugilda á skrifstofum bæjarins virðist hafa haldið nokkuð í við þá íbúafjölgun.

Myndin sýnir annars vegar þróun fjölda stöðugilda á bæjarskrifstofu, skipt eftir sviðum (súlur) og hins vegar má sjá breytingar á fjölda íbúa á hvert stöðugildi á bæjarskrifstofum samtals (græna línan).

Íbúafjöldi að baki hverju stöðugildi hefur að jafnaði verið um 307 íbúar. Mestur var fjöldinn árið 2021-2022 ríflega 321, sem lækkaði í 303 árið 2023. Lægstur var fjöldi íbúa á hvert stöðugildi á bæjarskrifstofum árið 2015 (292).

Nánari greiningu á hverju sviði má sjá á næstu síðu.




Umhverfissvið vex með íbúafjölda

Myndin sýnir sundurliðun á þróun stöðugilda eftir sviðum á bæjarskrifstofum, í hlutfalli við heildaríbúafjölda bæjarins.

Íbúar sem standa að baki hverju stöðugildi á fjármála- og stjórnsýslusviði hefur fjölgað úr 495 í 634 frá 2015 til 2023. Að meðaltali voru 563 íbúar að baki hverju stöðugildi á sviðinu (bæjarstjóri telst með fjármála- og stjórnsýslusviði).

Á sama tíma fækkaði íbúum sem standa að baki hverju stöðugildi á fjölskyldusviðinu (úr 2.065 í 1.487; meðaltal 1.813) og fræðslu- og menningarsviði (úr 2.125 í 1.511; meðaltal 1.925). Að meðaltali voru 2.587 íbúar að baki hverju stöðugildi á umhverfissviði en flestir voru þeir 2.924 árið 2022 en eru nú 2.553.



Hlutfallsleg aukning íbúa 0-5 ára mikil frá 2018


Myndir hér að ofan og þær sem hér eru birtar og á næstu síðum, sýna þróun eftir aldri.

Þannig tengist 0-5 ára (leikskólar) og 5-15 ára (grunnskólar, frístund o.fl.) ákalli um þjónustu á fræðslu- og menningarsviði og velferðarsviði



Íbúafjöldinn er sýndur sem vísitölur, þannig að samanburður verði einfaldari milli sveitarfélaga.

Áberandi er hlutfallsleg fjölgun 0-5 ára íbúa. Ef þróunin er sett í samhengi við þróun í fjölda stöðugilda á velferðarsviðinu (fjölskyldusviði) annars vegar og á fræðslu- og menningarsviðinu hins vegar má sjá að fjölgun stöðugilda er mest á þessu tímabili, þ.e. 2018-2023.

Hlutfallslega mikill vöxtur er einnig á grunnskólaaldri, sem hefst þó fyrr eða um 2015.




Tekjur lækka síðar eftir aldri – eru hæstar hjá fimm tugum



Framfærsluhlutfall hækkar í Garðabæ, lækkar að jafnaði í nágrenni

Vísitala 16-67 ára íbúa
1998 = 100



Framfærsluhlutfall
(0-15+68 og eldri)/16-67 ára

